

Dómsorð:

1. Kröfum stefnanda, Ástþórs Einarssonar, á hendur stefnda, Bifreiðastöð Vestmannaeyja, í máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda Bifreiðastöð Vestmannaeyja kr. 1000.00 í málskostnað.

2. Kröfu stefnanda á hendur stefnda Ekli, sem um ræðir í A 2. kröfulið, er vísað frá dómi.

Stefndi, Ekill, félag sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ástþórs Einarssonar, í máli þessu, að því undanskildu, að honum ber að greiða stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtinu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1962

Nr. 2/1962.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Norðfirðinga**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Uppsögn kjarasamnings eigi talin hafa orðið gild gagnvart stéttarfélagi.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 16. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Neskaupstað, gegn Landssambandi íslenzkra

útvegsmanna. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að kjarasamningur málsaðilja, dags. 15. maí 1959, sé enn í fullu gildi og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati Félagsdóms.

Málavextir eru þessir:

Hinn 13. júní 1958 mun í fyrsta sinn hafa verið gerður heildarsamningur um kaup og kjör á síldveiðum milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og „Sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands“, eins og það er orðað hins vegar. Sjómannasamtök þessi eru þó eigi samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru í málinu, skipulögð deild eða sérstakt samband innan Alþýðusambands Íslands, heldur ófélagsbundin samstaða þeirra verklyðsfélaga innan alþýðusambandsins, er fara með hagsmunagæzlu fyrir sjómenn.

Í 21. gr. nefnds samnings frá 13. júní 1958, er svofellt ákvæði:

„Þótt samningur þessi sé gerður og undirritaður sameiginlega fyrir öll þau félög, sem að honum standa, skal hvert félag fyrir sig teljast sérstakur samningsaðili.“

Af hálfu „Sjómannasamtakanna“ undirrituðu samninginn 6 samningamenn með fyrirvara um samþykki félaga þeirra, er hlut áttu að máli. Virðast þeir samkvæmt því ekki hafa haft fullt umboð til samningsgerðar, og það því verið háð samþykki einstakra félaga, hvort þau vildu ganga að þeim kjörum, sem samningurinn gerði ráð fyrir.

Að tilhlutan „Sjómannasamtakanna“ var gengið til nýrra samninga í apríl 1959 og í framhaldi af þeim samningaumleitunum var hinn eldri samningur endurnýjaður með nokkrum viðaukum og nýr kjarasamningur undirritaður hinn 15. maí 1959. Er það samningur sá, sem deilt er um í máli þessu, hvort enn sé í gildi milli málsaðilja.

Samninga af hálfu sjómanna annaðist að þessu sinni níu manna nefnd, sem áður hafði að sögn stefnanda fengið umboð til samningsgerðar og hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til þess, að umboð þessarar samninga-

nefndar hafi náð til annars en að gera samninga að því sinni.

Í 22. gr. 2. mgr. þessa samnings eru nákvæmlega sömu ákvæði og áðurnefndur samningur frá 13. júní 1958 geymdir um það, að hvert félag skuli teljast sérstakur samningsaðili. Er því haldið fram af stefnanda, að þetta ákvæði hafi m. a. verið sett í samninginn til þess að tryggja það, að samningsuppsögn eins félaga þyrfti eigi að fela í sér allsherjaruppsögn á samningnum.

Hinn 21. marz 1961 samþykkti stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna að segja upp framangreindum samningi og 22. s. m. ritar hún svofellt bréf, sem sent var á skrifstofu Alþýðusambands Íslands í Reykjavík:

„Sjómannasamtökin innan A. S. Í.
c/o Alþýðusamband Íslands,
Hverfisgötu 8—10. — Reykjavík.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. í gær var samþykkt að segja upp samningi Sjómannasamtakanna innan A. S. Í., utan félaga á Vestfjörðum og Vestmannaeyjum, við Landssamband ísl. útvegsmanna um kaup og kjör á sildveiðum, dagsettum 13. júní 1958, ásamt viðbót við sama samning frá 15. maí 1959.

Þetta tilkynnist yður hér með.

F. h. Landssambands ísl. útvegsmanna.“

Stefnandi kveður að á bréf þetta hafi aðeins verið litið sem kurteisistilkynningu og alþýðusambandið eigi séð neina ástæðu til þess að kynna efni hennar einstökum félögum innan vébanda sinna, enda hafi útvegsmannafélög innan L. Í. Ú. um svipað leyti sent þeim sjómannafélögum, er þau áttu skipti við, sérstakar uppsagnir, og eru aðiljar sammála um, að svo hafi verið á sumum stöðum a. m. k., en eigi hefur komið fram í málinu tæmandi skýrsla um það. Þá eru aðiljar einnig samsaga um það, að á Austfjörðum, þar með talinn Neskaupstaður, séu engin útvegsmannafélög innan L. Í. Ú. og séu einstakir útgerðarmenn þar beinir félagar í L. Í. Ú. Bárust stefnda, Verklýðsfélagi Norðfirðinga, hvorki uppsagnir á umrædd-

um samningi frá einstökum útvegsmönnum þar eystra né heldur beint frá stefnda.

Einhverjar viðræður munu hafa farið fram milli L. Í. Ú. og „Sjómannasamtaka innan Alþýðusambands Íslands“ eftir framangreinda uppsögn stefnda í marz 1961, og er talið, að þær muni hafa átt sér stað í maí—júni sama ár, en svo fór, að eigi var samið af nýju. Hefur ákvæðum sammingsins frá 15. maí 1959 verið fylgt í framkvæmd til þessa dags.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar í máli þessu á því í fyrsta lagi, að framangreint bréf stefnda, dags. 22. marz 1961, verði eigi talið fela í sér tilkynningu um uppsögn á kjarasamningnum frá 15. maí 1959 heldur beri einungis að lita á það sem frásögn af því, sem gerzt hafi á þargreindum stjórnarfundi stefnda. Geti það því ekki haft nein áhrif á gildi umrædds kjarasammings. Í annan stað heldur stefnandi því fram, að oftnefndur samningur sé enn í fullu gildi milli stefnda og Verkalýðsfélags Norðfirðinga vegna þess, að því félagi hafi eigi enn borizt nein uppsögn á honum, hvorki frá stefnda né öðrum. Staðhæfir hann, að áður nefnt bréf stefnda til Sjómannasamtakanna geti eigi á neinn hátt orðið bindandi fyrir Verklýðsfélag Norðfirðinga, enda þótt lita bæri á það sem uppsögn umdeilds sammings, vegna þess, að félagið hafi verið sjálfstæður sammingsaðili og stefndi því orðið að beina uppsögn til þess sjálfs, en hvorki til Alþýðusambands Íslands né Sjómannasamtaka innan þess. Nefnd sú, er undirrituð hafi samningana 15. maí 1959, hafi verið til þess eins kjörin að gera samninga, en eigi haft umboð til að taka við uppsögn, enda hafi aðild hinna svokölluðu „Sjómannasamtaka innan Alþýðusambands Íslands“ eigi verið með þeim hætti, að stefnda væri rétt að beina uppsögn að þeim. Vísar stefnandi í því efni sérstaklega til áðurgreinds ákvæðis 22. gr. kjarasammingsins, að hvert félag sé út af fyrir sig sérstakur sammingsaðili. Jafnframt bendir hann því til stuðnings á það, að félög útvegsmanna hafi sent sjómanna- og verklýðsfélögum þeim, er þau áttu skipti við, sérstaka uppsögn.

Af hálfu stefnde er því hins vegar haldið fram, að bréf hans, dags. 22. marz f. á. sé að efni til skýlaus uppsögn á umræddum samningi. Staðhæfir hann, að þeirri uppsögn sé réttilega beint til „Sjómannasamtakanna innan Alþýðusambandsins“, sem gert hafi samninginn og verið formlegur aðili að honum, enda sé það eðlileg og sjálf-sögð regla, að samningsaðili geti beint uppsögn að gagn-aðilja sínum. Kveður hann, að ákvæði 22. gr. umdeilds samnings, er kveði á um það, að hvert félag skuli teljast sérstakur samningsaðili, merki ekki annað en það, að hvor aðili geti bundið uppsögn sína við tiltekin félög innan vébanda gagnaðiljans. Slik takmörkun felist hins vegar ekki í uppsagnarbréfi stefnda 22. marz 1961, og gildi sú uppsögn því fyrir öll félög, sem sá samningur náði til, þar á meðal gagnvart Verklýðsfélagi Norðfirð-inga, enda hafi það verið ætlun og tilgangur stefnda með nefndu uppsagnarbréfi. Hins vegar sé það honum alger-lega óviðkomandi, þótt Alþýðusamband Íslands hafi lát-ið undir höfuð leggjast, að koma uppsögninni til vitundar einstakra sambandsfélaga. Þá er því og haldið fram af stefnanda, að sjómönnum um land allt hafi strax verið kunnugt um uppsögn samningsins, enda hafi viðræður milli fulltrúa Alþýðusambands Íslands og sín hafizt þegar í maí og júní 1961, þótt eigi tækjust samningar af nýju. Það hafi hins vegar ekki verið fyrr en 2. maí s.l. að Alþýðusam-band Austfjarðahafi tilkynnt stefnda, að það teldi, að samningnum hefði eigi verið sagt upp gagnvart sambands-félögum sínum, þar með töldu Verklýðsfélagi Norðfirð-inga. Sé hér um þess konar tómlæti að ræða, er valda eigi því, að stefnandi geti eigi nú véfengt uppsögnina, þótt hann kynni í upphafi að hafa haft rétt til þess, að mótmæla henni sem gildri.

Í framangreindri 22. gr. kjarasamningsins frá 15. maí 1959 er það tekið fram berum orðum, að hvert félag fyrir sig skuli „teljast sérstakur samningsaðili“. Eigi verður af gögnum málsins séð, að nefnd sú, er undirritaði samningana 15. maí 1959 hafi haft nokkra heimild til þess að taka við uppsögn fyrir einstök verklýðsfélög. Hefur hvorki

verið sýnt fram á, að hún hafi haft til þess sérstakt umboð né heldur, að „Sjómannasamtökin“ hafi verið þess konar félagsskapur, að slík heimild gæti falizt í stöðu þeirra manna, er undirrituðu samningana af hálfu sjómanna, enda voru það hin einstöku félag en ekki „Sjómannasamtökin“, sem voru samningsaðiljar. Gat uppsögn stefnda 22. marz 1961, sem beint var að „Sjómannasamtökunum“ eða Alþýðusambandi Íslands eigi gilt gagnvart Verklýðsfélagi Norðfirðinga og skiptir það eigi máli, þótt alþýðusambandið hlutaðist eigi til um það, að dreifa uppsögninni meðal þeirra sambandsfélaga sinna, er hún gat varðað.

Samkvæmt þessu og með því, að aðiljar eru sammála um það, að oftnefndur kjarasamningur 15. maí 1959 sé enn í gildi, ef umdeild uppsögn stefnda er eigi metin gild, ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 2500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Kjarasamningur milli aðilja máls þessa, dags. 15. maí 1959, um kaup og kjör á sildveiðum er enn í gildi.

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands, f. h. Verklýðsfélags Norðfirðinga, kr. 2500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.